

eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalda er 1. júní ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000.00 krónum, sem rennur í rikissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessar skal fara með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 100 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 100 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 100 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

Á framhlið:

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir bankastjóra Seðlabankans, Jóhannesar Nordal, Jóns G. Mariássonar og Vilhjálms Þór eru prentaðar til skiptis á seðlana, þannig að tvær undirskriftir koma á hvern seðil.

Á bakhlið:

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Hinn eldri 100 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi. Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.